

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 16. mars 2022 í máli nr. 82/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. ágúst 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 92.449 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi 26. ágúst 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 3. september 2021, sem mótttekið var f.h. varnaraðila þann 18. nóvember 2021. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er, tvö myndskleið úr hinni leigðu bifreið, tölvupóstur sóknaraðila til varnaraðila frá 24. júní til 19. ágúst 2021 og samskipti aðila á messenger dags. 7. júlí 2021

Með bréfi, dags. 7. janúar 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni Fiat Ducato Motorhome af varnaraðila frá 22. júní 2021 til 29. sama mánaðar. Leigugjald var samkvæmt leigusamningi aðila 112.600 krónur. Greiddi sóknaraðili varnaraðila 92.900 krónur þann 5. apríl 2021 og það sem eftir stóð þann 28. maí 2021.

Sóknaraðili sótti bifreiðina til varnaraðila þann 22. júní 2021. Að sögn sóknaraðila hafi starfsmaður varnaraðila farið léttlega yfir bifreiðina með honum. Þá hafi sóknaraðili ákveðið að leigja jafnframt gaskút af varnaraðila til að unnt væri að nota hitara á gasi ef svo yrði að hann kæmist ekki í landrafmagn. Hafi kostnaður við leigu á gaskútnum verið 7.999 krónur. Sóknaraðili kveðst hafa fljótlega orðið þess áskynja að kúplingin á bílnum ætti ekki mikið eftir en hafi hún þó virkað. Á áfangastað sínum í Vestmannaeyjum hafi komið í ljós að landkapall bifreiðarinnar passaði ekki á mótí tenglum á tjaldsvæðinu. Sóknaraðili hafi þá reynt að kveikja á miðstöð bifreiðarinnar á gasi en án árangurs. Virtist sem gas startarinn í miðstöðinni virkaði ekki eða væri jafnvel ekki til staðar. Þar af leiðandi hafi bifreiðin verið án hita fyrstu nótt leigutímabilsins. Sóknaraðili kveðst hafa farið degi síðar í verslun í Vestmannaeyjum og keypt tengiskott til að koma rafmagnskaplinum í samband. Hafi gengið eftir að ná rafmagni á bifreiðina en miðstöðin hafi enn ekki virkað. Hafi sóknaraðili, eftir töluverða vinnu, komist að því að miðstöðin „kæmi inn og út“, eins og sóknaraðili orðar það, ef hann hreyfði á tiltekinn hátt við einum rafmagnstenglinum. Að sögn sóknaraðila hafi lítill rafmagnshitari verið í bifreiðinni sem unnt var að stinga í tengil. Rafmagnskló hans hafi hins vegar verið brotin og þar af leiðandi hafi hann verið ónothæfur. Sóknaraðili hafi þá haft samband við varnaraðila í því

augnamiði að fá upplýsingar um hvað gera skyldi næst. Hafi honum verið tjáð af starfsmanni varnaraðila að senda tölvupóst á framkvæmdastjóra varnaraðila. Það hafi sóknaraðili gert þann 24. júní 2021. Engin svör hafi borist frá varnaraðila vegna tölvupóststarins. Sóknaraðili kveðst hafa haft meðferðis á ferðalagi sínu nokkur verkfæri og eftir stutta vinnu hafi hann fundið orsökina fyrir þessari hegðun í miðstöð bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila hafi verið lausir 230v vírar undir vaski bifreiðarinnar. Að mati sóknaraðila hafi bifreiðinni greinilega ekki verið rétt viðhaldið enda væri íkveikjuáhætta af þessum frágangi á vírunum. Sóknaraðili kveðst hafa lagað umræddar tengingar og fengið þannig miðstöðina til þess að virka.

Sóknaraðili bendir jafnframt á að ýmsir aðrir vankantar hefði verið á bifreiðinni, líkt og að gardínur í bifreiðinni hafi ekki haldist uppi, kúpling hennar hafi verið í lélegu ásigkomulagi og ítrekað festis inni og að dekk bifreiðarinnar væru afar slitin. Þá telur sóknaraðili að hann hefði betur sleppt leigu á fyrrnefndum gaskúti enda hafi gashitarinn í bílnum ekki virkað.

Sóknaraðili kveðst ítrekað hafa reynt að fá í varnaraðila varðandi viðskipti þeirra en án árangurs. Hann telur óásættanlegt að fá til leigu bifreið varnaraðila í framangreindu ástandi og að vera án hita hluta leigutímabilsins. Það hafi aðeins verið fyrir kunnáttu hans og verkfæri sem það vandamál hafi verið leyst.

Sóknaraðili krefst þess að fá endurgreitt 75% á leiguverði bifreiðarinnar sem og 7.999 krónur vegna leigu á gaskút, alls 92.449 krónur.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili leigði sex manna ferðabifreið af gerðinni Fiat Ducato af varnaraðila vegna fyrirhugaðs ferðalags sóknaraðila til Vestmannaeyja frá 22. júní 2021 til 29. júní 2021. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 112.600 krónur vegna leigunnar með tveimur greiðslum, þann 5. apríl og 28. maí 2021. Við afhendingu á bifreiðinni leigði sóknaraðili jafnframt gaskút af varnaraðila að fjárhæð 7.999 krónur. Sóknaraðili telur að sú bifreið sem varnaraðili afhenti honum þann 22. júní hafi verið illa við haldið af varnaraðila og haldin ýmsum annmörkum, þá helst að miðstöð bifreiðarinnar reyndist biluð og að töluverð íkveikjuhætta var vegna tengingu víra við hana. Sóknaraðili reyndi ítrekað að hafa samband við varnaraðila sökum framangreinds en án árangurs. Að eigin frumkvæði lagfærði sóknaraðili miðstöðina og fékk hana til að virka þegar leigutímabilið var tæplega hálfnað.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín á hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015, svo sem tryggja að leigutaki njóti aðstoðar komi til bilana eða atvika sem hefta eða stöðva för leigutaka og varða ökutækið sjálft.

Fyrir liggur að sóknaraðili leigði og nýtti bifreið í eigu varnaraðila frá 22. til 29. júní 2021 eða í sjö daga. Bilunar varð vart í miðstöð bifreiðarinnar á fyrsta degi auk þess sem fleiri annmarkar hennar komu fljótt í ljós. Reyndi sóknaraðili ítrekað að hafa samband við varnaraðila varðandi framangreint en án árangurs. Fór svo að sóknaraðili gerði sjálfur við miðstöð bifreiðarinnar svo unnt væri að hita hana. Í ljósi framangreinds er fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2015 og 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015. Er því um að ræða galla á hinni seldu þjónustu varnaraðila.

Verður sóknaraðila ákveðinn afsláttur af þjónustu varnaraðila sem hæfilega er ákveðinn 40.000 krónur, en til þess verður að líta að hann fór með afnot bifreiðarinnar allan leigutímann. Hefur þá einnig verið tekið tillit til fjárhæðar leigu af gaskútnum, sem að sögn sóknaraðila kom ekki að notum vegna þess að gashitarinn í bifreiðinni virkaði ekki.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 40.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson